



Fulltrúaráðsfundur Skjóls 2024

Ársskýrsla

2023

Skjól hjúkrunarheimili  
Kleppsvegi 64  
104 Reykjavík  
Kt. 440685-0569

# Efnisyfirlit

Aðilar Skjóls .....	3
Fulltrúaráð og stjórn Skjóls.....	4
Stjórnendur Skjóls .....	5
Frá forstjóra .....	6
Fjármálasvið 2023.....	7
Rekstrarsvið .....	9
Hjúkrunarsvið 2023 .....	11
Lækningasvið í Skjóli og helstu staðtölur 2023 .....	15

## Aðilar Skjóls

- Alþýðusamband Íslands
- Bændasamtök Íslands
- Reykjavíkurborg
- Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
- Sjómannadagsráð
- Þjóðkirkjan

## Fulltrúaráð og stjórn Skjóls

Alþýðusamband Íslands	Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir Sigurður Sigfússon Guðmundur Helgi Þórarinnsson
Bændasamtök Íslands	Halldóra Þ. Ólafsdóttir Ásdís Kristinsdóttir Jóhanna Lúðvíksdóttir
Reykjavíkurborg	Rannveig Einarsdóttir Anna Sigrún Baldursdóttir Unnur Þöll Benediktsdóttir
Samband lífeyrisþega ríkis og bæja	Elín Brímdís Einarsdóttir Guðrún Árnadóttir Guðjón Magnússon
Sjómanna­dagsráð	Jónas Garðarsson Ariel Pétursson Sigurður Ólafsson
Þjóðkirkjan	Sr. Sigurður Jónasson Dagný Halla Tómasdóttir Valgerður Gísladóttir
<b>Stjórn Skjóls</b>	Halldóra Ólafsdóttir - formaður Guðrún Árnadóttir Dagný Halla Tómasdóttir Guðjón Magnússon Sigurður Jónsson

# Stjórnendur Skjóls

Forstjóri E/H/S

Sigurður Rúnar Sigurjónsson

Framkvæmdastjóri  
hjúkrunarsviðs E/H/S

Þórdís Hulda Tómasdóttir

Framkvæmdastjóri  
lækningasviðs E/H/S

Ólafur Helgi Samúelsson

Framkvæmdastjóri  
fjármálasviðs E/H/S

Stella Kristín Víðisdóttir

Framkvæmdastjóri  
rekstrarsviðs E/H/S og Eir  
öryggisíbúðir

Eybjörg Helga Hauksdóttir

Forstöðumaður hjúkrunar  
á Skjóli

Íris Dögg Guðjónsdóttir

## Frá forstjóra

Rekstur á árinu var í jafnvægi og var tekjuafgangur ársins um 148 m.kr.

Á árinu var áframhaldandi áttak í viðhaldsmálum. Einkum var unnið að málum innan húss.

Á aðalfundi á sl. ári var lögð fram ný skipulagsskrá. Afgreiðslu hennar var frestað. Nú í mars sl. var nýrri skipulagsskrá hafnað af fulltrúum Sjómannadagsráðs en nokkru áður hafði Reykjavíkurborg komið að málum og reynt að finna lausnir er varðar lóðamál Skjól en Skjól hefur ekki enn fengið afsal af lóðinni. Á fundi í mars mánuði sl. kom fram af hálfu Reykjavíkurborgar að samningur um lóðir yrði ekki framlengt við Sjómannadagsráð. Jafnframt var á fundi þessum greint frá því að Skjól myndi stefna Sjómannadagsráði v. lóðamála.

Beiting neitunarvalds er varðar nýja skipulagsskrá bitnar fyrst og fremst á skjólstæðingum Skjól en það er orðið mjög aðkallandi að bæta aðstöðu þeirra enn frekar t.d. með eyðingu tvíbýla.

Í nóvember sl. gaf Fjármála- og efnahagsráðuneytið ásamt heilbrigðisráðuneyti út skýrslu „Breytt fyrirkomulag fasteigna vegna hjúkrunarheimila“. Tillögur að breyttu fyrirkomulagi lúta að breytingum á uppbyggingu og tryggi fullnægjandi viðhald á þeim eignum sem nýttar eru undir þjónustuna. Meginmarkmiðin eru að auka hagkvæmni framkvæmdaraðila þannig að aðstaða sé í samræmi við þjónustupörf hverju sinni, auka sveigjanleika og sérhæfingu og byggingu og rekstur hjúkrunarheimila og að tryggja að fjármunir séu til staðar til að hægt sé að ráðast í nauðsynlegt viðhald og endurbætur og koma þannig í veg fyrir að viðhaldsskuld myndist yfir lengri tíma. Fylgjast þarf vel með framvindu þessara mála en þær fela í sér töluverðar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi.

Starfsfólki er þakkað fyrir frábær störf, oft við krefjandi aðstæður.

Sigurður Rúnar Sigurjónsson  
*forstjóri Skjól* ses.

# Fjármálasvið 2023

<i>Rekstrarumhverfi</i>	<p>Rekstrarafkoma Skjóls hjúkrunarheimilis á árinu 2023 var jákvæð um 148,3 m.kr. en var jákvæð um 72,8 m.kr. árið áður. Hreinar fjármagnstekjur voru 59,6 m.kr. en voru 21,8 m.kr. árið áður.</p> <p>Varast skal að horfa á rekstrarniðurstöðu hvers árs fyrir sig. Horfa þarf á rekstur árunna 2019-2023 í heild þar sem á þessu tímabili var töluvert um afturvirka samninga sem náðu til fyrri ára og óreglulegar tekjufærslur. Á árinu 2023 voru sérstakar tekjur vegna kostnaðarútlaga og fjáráukalaga 1,0 m.kr.</p> <p>Laun og launatengd gjöld og samrekstur launa voru 76,7% af ríkisframlagi.</p>
<i>Efnahagur</i>	<p>Eignir Skjóls voru 3,1 ma.kr. í árslok en eignir voru 2,8 ma.kr. í árslok 2022.</p> <p>Eigið fé í árslok var 2,7 ma.kr. en var tæplega 2,5 ma.kr. í árslok 2022.</p> <p>Handbært fé í árslok var 1,1 ma.kr. en var 907,3 m.kr. í ársbyrjun.</p>
<i>Starfsemi fjármálasviðs</i>	<p>Eftirfarandi meginþættir heyra undir fjármálasvið; fjármálastýring, samþykktarferli reikninga, greiðsla reikninga og krafna, áætlanagerð, frávikagreining, tölulegar samantektir og skýrslugerð, bókhald og afstemmingar, reikningagerð og innheimta, uppgjör, ársreikningar, launavinnsla, launagreining, eftirlit með orlofstöku og vinnutímabanka, túlkun kjarasamninga og stofnanasamninga, aðstoð og ráðgjöf við ráðningar og starfslok, ráðningarsamningar og launaröðun, viðverustjórnun, starfsmannakannanir, starfsmannahandbók, starfslýsingar, jafnlaunavottun, fræðslumál og rekstur skrifstofu og verslana. Einnig annast fjármálasvið leiðbeiningar og upplýsingagjöf til stjórnenda samstæðunnar varðandi launaútgjöld og önnur útgjöld og tölulegar greiningar.</p> <p>Starfsmenn fjármálasviðs voru á árinu 14 talsins, þ.a. tveir háskólanemar sem starfa með námi. Starfslýsingar eru í sífelldri endurskoðun og eru þær yfirfarnar og uppfærðar árlega.</p> <p>Á árinu 2023 var haldið áfram að sinna framþróun og umbótarverkefnum innan Skjóls með það að markmiði að auka hagkvæmni í rekstri, bæta fagleg vinnubrögð og skila betri árangri.</p> <p>Á árinu 2023 var sérstök áhersla lögð á að efla launa- og fjárhagsáætlanagerð og auka fjárhags- og rekstrarlega upplýsingagjöf til stjórnenda með það að markmiði að auka kostnaðarvitund og samábyrgð. Fjárhagsáætlun er unnin niður á mánuði inni í bókhaldskerfinu BC þannig að einfaldara er að vinna frávikagreiningar og skýrslur.</p> <p>Launaáætlun er nú rammaáætlun niður á deildir og starfseiningar þar sem stjórnendur þurfa að fylgja ramma varðandi fjölda stöðugilda og launaútgjöld. Reglulegt eftirlit með launaútgjöldum hefur verið eftt sem og upplýsingagjöf til stjórnenda.</p>

Haldið verður áfram að þróa fjárhagsáætlanagerð og eftirlit með henni á árinu 2024.

Á árinu var innleitt nýtt tímaskráningarkerfi, MyTimePlan og leysti það af hólmi tímaskráningarkerfið Vinnustund sem hafði verið notað um árabil. MyTimePlan leysir viðfangsefni vaktaskipulagningar, tímaskráningar, útreiknings á tímum til launa og tengist beint launakerfinu H3.

Á árinu hófst innleiðing á Power BI skýrslum sem koma beint frá bókhaldi í rauntíma en slíkar skýrslur einfalda stjórnendum yfirsýn yfir útgjöld og rekstur. Á árinu 2024 mun innleiðing Power BI skýrslna halda áfram.

#### *Mannauðsmál*

Þétt samstarf var við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) á árinu 2023 m.a. vegna undirbúnings kjarasamninga sem losna flestir á árinu 2024.

Mikil samkeppni er um vel menntað heilbrigðisstarfsfólk og annað umönnunarstarfsfólk er því stöðug áskorun að fá starfsfólk til starfa, fjölmargar ráðningar hafa verið allt árið um kring í almenn störf.

Í lok ársins fékk mannauðsdeild heimild fyrir nýju stöðugildi til að bregðast við þeirri þörf að veita stjórnendum og starfsfólki enn betri ráðgjöf og stuðning í starfi og tryggja að faglega sé staðið að ákvörðunum sem lúta að starfsmönnum. Einnig er stefnt að því að gera fræðslu fyrir stjórnendum og starfsfólk hærra undir höfði.

Íslenskuskóli Eirar, Skjól og Hamra var settur á laggirnar í samvinnu við Mími símenntun og voru tvö námskeið haldin á haustönninni og mikil ánægja allra starfsmanna með námið.

Lögð var áhersla á að hefja starfsmannasamtöl á árinu og var haldin stjórnendafræðsla í tengslum við þau, einnig var haldin fræðsla um erfið starfsmannasamtöl. Farið var yfir ásýnd auglýsinga og starfasíður á stærsta starfatorginu "Alfreð". Síðan hefur farið fram greiningarvinna á stöðu mannauðsmála til að teikna upp áherslur fyrir árið 2024.

Eir, Skjól og Hamrar leggja ríka áherslu á að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Á árinu 2020 hlutu hjúkrunarheimilin jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kröfur íslenska jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Viðhaldsúttekt jafnlaunavottunar fer fram árlega og stærri úttekt á þriggja ára fresti.

Dugnaður, ósérhlífni og einstök samvinna starfsfólks hefur gert það að verkum að vel tókst til í rekstri og þjónustu. Fyrir þann árangur er starfsfólki færðar bestu þakkir.

Stella K. Víðisdóttir

*framkvæmdastjóri fjármálasviðs*



# Rekstrarsvið

## *Starfsemi eignaumsýslu*

Starfsemi eignaumsýslu var nokkuð umfangsmikil á árinu 2023. Ráðinn var sérstakur forstöðumaður eignaumsýslu Eirar, Skjól og Hamra á árinu 2023 til að halda utan um þær miklu framkvæmdir sem eru í gangi á heimilunum og liggja fyrir á næstu árum. Forstöðumaðurinn heyrir beint undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs og er yfirmaður deildarstjóra eignaumsýslu. Róbert Arnar Reynisson var ráðinn forstöðumaður eignaumsýslu úr fjölmönnum hóp umsækjenda.

Sótt var um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir um 144 milljónir króna fyrir Eir hjúkrunarheimili og um 180 milljónir króna fyrir Skjól hjúkrunarheimili á árinu 2023. Þá var talsvert unnið í verkefnum sem höfðu fengið styrk frá Framkvæmdasjóði aldraðra árin 2021 og 2022. Tvær lyftur í A – húsi Eirar voru endurnýjaðar, auk þess sem útbúin voru ný herbergi, vaktherbergi og lyfjaherbergi á 2. og 3. hæð hússins. Þá var vinna hafin við dúkalagningu allrar 2. og 3. hæðar í A – húsi sem kláraðist snemma á árinu 2024. Á Skjóli eru sambærileg verkefni á 3., 4., 5. og 6. hæð Skjól nokkuð langt komin og gert ráð fyrir að þau klárast á árinu 2025.

Auk almennrar húsvörslu og reglubundinna verkefna voru ríflega 2.000 verkbeiðnir stofnaðar og kláraðar á árinu hjá eignaumsýslunni.

## *Starfsemi eldhúss*

Framleiðslueldhús er samrekið af Eir hjúkrunarheimili, Skjól hjúkrunarheimili og Hamrar hjúkrunarheimili og er eldhúsið staðsett á Eir. Forstöðumaður eldhúss er Gunnar Einarsson. Að jafnaði eru framleiddir u.þ.b. 600 matarskammtar á dag í eldhúsinu í hverju hádegi, sem sendir eru á nokkrar starfsstöðvar.

Eldað er eftir 8 vikna rúllandi matseðlum. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu alla daga vikunnar og tvisvar í viku á kvöldin. Kvöldmatur hina fimm vikudagana er spónamatur, brauð, álegg, skyr, grautar ásamt ferskum ávöxtum.

Matur fyrir heimilismenn hjúkrunarheimilanna Eir, Skjól og Hamra er framreiddur á deildum íbúanna á hverju heimili fyrir sig.

Starfsfólk Eirar og Skjól getur keypt sér mat í hádeginu á niðurgreiddu verði. Íbúar öryggisíbúða koma í matsalinn í hádeginu og geta keypt sér heitan mat, súpu og ferskt salat. Á kvöldin stendur íbúum öryggisíbúða til boða að kaupa sér heimsendan mat frá eldhúsinu.

Eir þjónustar jafnframt íbúa í öryggisíbúðum aldraðar í Eirhömrum í Mosfellsbæ, þar sem um 80 manns borða vika dag en 60 manns um helgar.

Eldhúsið á Eir þjónustar einnig íbúa í öryggisíbúðum í Eirborgum, Fróðengi 1-11, þar sem er boðið upp á hádegismat um helgar.

Maríuhús, sem er dagþjónusta fyrir einstaklinga með heilabilun, flutti starfsemi sína í húsnaði á Skjóli á árinu. Fjöldi skjólstæðinga Maríuhúss sem borðar í hádeginu er 20-25 manns, mismunandi eftir dögum.

Öll innkaup til eldhússins fara fram í gegnum Timian innkaupakerfið, en kerfið einfaldar öll innkaup og hjálpar til við að halda kostnaði í lágmarki. Samt sem áður hefur vöruverð farið hækkandi eins og við öll höfum orðið vör við í okkar eigin vörukörfu.

Eir er í samvinnu við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) varðandi innkaup og útboð sem skilar sér í lægra vöruverði. Unnið er eftir "Gámes" kerfinu sem er innra eftirlitskerfi fyrir eldhús. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kemur reglulega og gerir úttekt á eldhúsinu.

#### *Tölvu – og tæknimál*

Talsvert var um innleiðingu á nýjum tölvukerfum á árinu 2023, en verkefnastjóri tæknimála heldur utan um slík verkefni í samstarfi við viðkomandi svið.

EMed kerfið var tekið upp á Eir og Skjól árið 2023, en það felur í sér rafrænar lyfjaávisanir lækna. Kerfið hafði verið innleitt á Hömrum árið 2022. Með innleiðingu kerfisins er komið á rafrænum samskiptum við apótekið og aukið öryggi við útgáfu lyfjafyrirmæla. Nýtt tímastjórnunarkerfi, MyTimePlan, var einnig innleitt á öllum heimilunum. Kerfið kemur í stað Vinnustundar en er með viðbótar eiginleikum fyrir skipulag vakta ofl. Kerfið gefur starfsmönnum kost á að óska sér vakta og veitir þeim aðgengilegar upplýsingar um starfstengd mál. Þá útbýr kerfið drög að vaktaplönunum út frá kjarasamnings-bundnum ákvæðum og jafnræði milli starfsmanna. Auk þessa innleiðinga var unnið áfram að uppsetningu rafrænna aðgangsstýringarkerfa frá Salto á Eir og þróun á Power BI á fjármálasviði. Þá var tekinn í notkun kerfið Matræður á Eirhömrum og innleidd hugbúnaðarlausnin Deildarvaki á endurhæfingar-deildinni. Einnig var útbúin ný, sameiginleg heimasíða fyrir Eir, Skjól og Hamra. Allur kerfisrekstur heimilanna var endurskoðaður og gengið frá kaupum á nýjum wifi - búnaði fyrir Eir og Skjól, en uppsetning hans er áætluð á árinu 2024 og 2025. Nokkuð var um notendaþjónustu við starfsmenn, auk tilfærsla á starfsstöðum og uppsetningu nýrra starfsstöðva.

#### *Önnur verkefni á rekstrarsviði*

Öryggisráð er starfandi á Eir, Skjól og Hömrum. Öryggisráð ber meginábyrgð á öryggismálum heimilanna og öryggisíbúðanna í samvinnu við Öryggisnefnd heimilanna. Öryggisráð fundaði 11 sinnum á árinu 2023 og gaf út uppfærða öryggishandbók heimilanna í september 2023.

Upplýsingaöryggisnefnd er jafnframt starfandi fyrir Eir, Skjól og Hamra, en nefndin hefur umsjón með rekstri og notkun upplýsingatæknikerfa hjá félaginu. Nefndin fundaði 10 sinnum á árinu 2023, haldnir voru þrjú fræðslufundir fyrir starfsmenn og útbúið rafrænt fræðsluefni með persónuverndarfulltrúa.

Eybjörg Hauksdóttir  
Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

# Hjúkrunarsvið 2023

- Inngangur* Hjúkrunar- og læknaþjónusta hélst í óbreyttri mynd ásamt starfi prests, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og félagsstarfi heimilisins. Margar breytingar voru á árinu á vinnuferlum, húsnæði og húsgögnum allar til góðs. Markmið ársins voru að halda vel utan um íbúa heimilisins ásamt því að huga vel að starfsfólki heimilisins. Mikil samvinna og góð samskipti voru milli íbúa, starfsmanna og aðstandanda heimilisins á árinu.
- Hjúkrunarráð* Í hjúkrunarráði sitja hjúkrunardeildarstjórar allra deilda Skjóls auk forstöðumanns hjúkrunar. Hjúkrunarráð er ráðgefandi allri faglegri hjúkrun og þjónustu á heimilinu. Umræðuefni og verkefni ráðsins voru gæðamál hjúkrunarþjónustunnar, stjórnun, skipulagsmál, mönnunarmál, sýkingavarnir og fleira. Frá september 2020 hafa hjúkrunarráðsfundir verið vikulega á Skjóli, ásamt því að stór hjúkrunarráðsfundur hefur verið mánaðarlega þar sem hjúkrunarráð Eirar og Skjóls kemur saman.
- Starfsemin* Skjól er gamalgróið heimili og góður valkostur meðal hjúkrunarheimila á landinu. Hlutverk þess er veigamikil, starfsemin umfangsmikil, fagleg og fjölbreytt. Leitast er við að hafa hjúkrunarfræðing á hverri deild á öllum vöktum. Telji hjúkrunarfræðingur ástæðu til að kalla til læknis er sú þjónusta öflug enda hafa læknar viðveru á Skjóli alla daga vikunnar. Markmið hjúkrunar og allrar umönnunar er að íbúar viðhaldi færni sinn sem allra lengst. Auk öflugrar starfsemi á hverri deild fyrir sig starfa reyndir sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og kennari í félagsstarfi í húsinu. Treysti íbúar sér ekki til að fara út af deild til að njóta þess sem í boði er, er þeim boðin þjónusta á eigin deild. Á Skjóli búa 97 íbúar auk 9 íbúa á Laugaskjóli, Laugarásvegi 66. Íbúar Skjóls eru því alls 106. Íbúar Laugaskjól eru sóttir þangað til að njóta þjónustu á Skjóli s.s sjúkraþjálfunar og iðjuþjálfunar. Einnig er þjónusta fótaðgerðarfræðings, snyrtifræðings, hárgreiðslu og öldrunarnudd innanhús á Skjóli en vinna þær sem verktakar. Fullbúin læknaherbergi er á staðnum. Fræðsla íbúa og aðstandanda var í áframhaldandi þróun og sett var saman handbók íbúa. Heilsudagar voru haldnir þar sem fyrirtæki komu og kynntu heilsutengdar vörur ásamt því að fagfólk heimilanna bauð upp á lífsmarkamælingar og fræðslu fyrir þá sem koma.
- Húsnæðið* Á árinu var haldið áfram að uppfæra húsgögnin á heimilinu. Mikil skipulagsvinna var gerð til að undirbúa þær framkvæmdir sem heimilið stefnir á. Sjálfsafgreiðslu kaffihúsið á 2 hæð, sem hefur vakið mikla lukku, það gerir þeim íbúum sem búa í tvíbýli tækifæri til að bjóða ættingjum sínum út af deild og í annað umhverfi.
- Maríuhús* Starfsemi Maríuhúss fluttist inn á Skjól á árinu 2023. Flutningar urðu til vegna þess að húsnæði Maríuhúss var illa farið og þurfti að hafa hraðar hendur. Sett

	var saman bráðabirgða deild á 2. Hæð Skjóls og hefur samvinna gengið vonum framar.
<i>Mönnunarmódel</i>	Allar deildir Skjóls vinna eftir sama mönnunarmódeli og gengur vel að samræma deildir.
<i>Mönnun</i>	Gengið hefur vel að ráða inn starfsmenn þegar hefur vantar. Lítið starfsmannavelta var á árinu og er kominn góður og samheldinn hópur starfsmanna á Skjól.  Samvinna og samskipti milli deilda hafa verið til fyrirmyndar.
<i>Samfélagsmiðlar</i>	Samfélagsmiðlar hafa verið nýttir mikið til upplýsingaflæðis. Tilkynningar hafa verið settar á Facebook vegna heimsóknna og viðburða sem hafa átt sér stað á heimilinu. Aðstandendur fylgjast vel með starfinu þar og hefur mikil ánægja verið með innlegg sem sett hafa verið á síðuna. Gætt er að persónuvernd í allri slíkri upplýsingagjöf. Heimasíða Skjóls var uppfærð á árinu og er orðin aðgengilegri og með fallegri sýn.
<i>Nýliðafræðsla og fræðsla</i>	Nýliðafræðsla var haldin einu sinni 2023, í júní.  Farið var yfir starfsemi hjúkrunarheimilanna og þjónustu þeirra. Fræðslan var að mestu leiti verkleg en einnig var farið í bóklega fræðslu. Bókleg nýliðafræðsla var að þessu sinni rafræn á WP.  Í fræðslunni var farið yfir hluti eins og umönnun, virðingu/umhyggju, ábyrgð, ofbeldi gegn öldruðum, mannleg samskipti og næringu. Einnig var farið yfir öldrunarbreytingar, sjúkdóma og lífslokameðferð. Sérstaklega var farið yfir sýkingavarnir, handhreinsun, hlífðarbúnað og umhverfisþrif. Í verklegri kennslu var þar lögð áhersla á handhreinsun, líkamsbeitingu, notkun hjálpartækja, aðstoð við mötun, hreinlæti og almenna umönnun.  Íslenskukennsla hefur verið í samvinnu við Mímir á árinu og hefur aðsókn verið mikil og starfsfólk ánægt með kennsluna.  Örfræðslur byrjuðu á árinu og fara þær fram inn á deildum þar sem allir hafa aðgang að þeim. Áætlað er að þær haldi áfram og verði komið í fastar skorður þar sem eitt til tvö málefni verða tekin hvern mánuð.
<i>Næringarráð</i>	Næringarráð var áfram starfandi fyrir heimilin þrjú. Markmið næringarráðs er að yfirfara allt það sem kemur að næringu íbúa. Taka á þeim fyrirspurnum sem inn koma og halda áfram að betrubæta mat íbúa.
<i>Samvinna</i>	Vinnuferlar hafa verið samræmdir á öllum deildum Skjóls. Þá er verið að tala um vinnuskema, vinnublöð, vinnuferla og annað sem viðkemur daglegum störfum hjúkrunarheimila. Sömu vinnuferlar hafa verið teknir upp á Eir og Hömrum. Vonast er eftir að þetta muni ýta undir samvinnu og samstarf í allri samsteypunni. Samræmingin ýtir því undir að allir geti gengið að upplýsingum vísu stað.

Þessi vinna hefur gengið einstaklega vel og er búið að innleiða á öll heimili samsteypunnar.

#### *Biðrými*

Velferðarráðuneytið samþykkti að Skjól hefði heimild til að bjóða einstaklingum sem bíða eftir hjúkrunarrými upp á biðrými, þetta hefur verið framlengt tvisvar á árinu 2022 og var samþykkt til ársloka 2023. Það gildir einnig um þá sem ekki hafa valið Skjól sem úrræði þegar vistunarmat er samþykkt.

Biðrými gera Skjóli kleift að nýta rýmin betur þangað til að tvíbýli hafa verið aflögð.

#### *Eyðing tvíbýla*

Unnið er að eyðingu tvíbýla á heimilinu. Í umræðu eru nokkrar hugmyndir hvernig má eyða tvíbýlum. Markmiðið er að ekki þurfi að fækka hjúkrunarrýmum þó að tvíbýli verði lögð niður heldur að útrýma þeim með viðbyggingu við Skjól sem er í vinnslu.

#### *Starfslýsingar*

Allar starfslýsingar á hjúkrunarsviði voru uppfærðar í tengslum við vinnu við jafnlaunavottun og eru í sífelldri endurskoðun.

#### *Öryggisráð*

Öryggisráð var áfram starfandi fyrir heimilin þrjú. Starf öryggisnefndanna er að fylgja eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig felst starf öryggisráðs í því að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna vegna vinnu eða vinnuumhverfis. Öflugur vinnuhópur hefur verið við vinnu allt árið og er verið að gera betrumbætur og setja sterka og skýra öryggissýn á heimilin.

#### *Gæðamál*

Skjól notar rafrænu gæðastjórnunarhandbókina CCQ sem er heildstæð gæðastjórnunarlausn sem tekin var upp á heimilinu um mitt ár 2021.

Skjól hefur rafrænan aðgang að gæðahandbók Landspítalans sem kemur að góðum notum þar sem nálgast má skilgreiningar, verklagsreglur og klínískar leiðbeiningar varðandi starfið. Sá aðgangur eykur öryggi og tryggir gæði því að gæðahandbók LSH er í stöðugri uppfærslu og vinnslu og tekur mið af nýjustu rannsóknum.

#### *RAI*

RAI (Resident Assessment Instrument) er yfirgripsmikið þverfaglegt mælitæki sem metur hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á hjúkrunarheimilum, með áherslu á gæði þjónustunnar sem veitt er og styður við að móta einstaklingsbundna meðferðar-áætlun. Sá hluti mælitækisins er snýr að gæðavísunum er mjög gagnlegur.

#### *Áskoranir og tækifæri*

- Útrýming fjölbýla þarf að setja í algjöran forgang.
- Halda áfram að kynna starf heimilisins og kosti þess til almennings.
- Nauðsynlegt að skapa möguleika á sí- og endurmenntun starfsfólks til að efla fagmennsku í starfi.
- Viðhalda stöðugleika í mannahaldi og að mannauður fylgi þjónustustigi og hjúkrunarþyngd.
- Efla mönnun fagfólks í samræmi við mönnunarmódel og gera heimilið að eftirsóttum vinnustað með vellíðan og starfsánægju starfsfólks að leiðarljósi.
- Fjölga nemastöðum í verknámi í hjúkrun og sjúkraliðanámi.
- Teymisvinna milli sviða varðandi gæðamál og framtíðarsýn sé viðvarandi.

*Lokaorð*

Öflug teymisvinna skilar bestum árangri fyrir velferð og hagsmuni íbúa og skjólstæðinga sem við þjónum hverju sinni. Systraheimilin Eir, Skjól og Hamrar hafa ávallt fylgt þeirri stefnu að veita bestu mögulegu þjónustu, þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði með ófullnægjandi daggjaldargreiðslum. Með ráðdeild, skynsemi og hagræðingu hefur okkur tekist að viðhalda okkar stefnumarkmiðum.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu á öllum starfsstöðum fyrir dugnað, jákvæðni og góða samvinnu á árinu. Starfsfólk Skjóls á hrós skilið fyrir að vera lausnamiðað og jákvætt í starfi. Áfram höldum við að byggja upp heimilið og betrubæta. Okkar markmið er að íbúum okkar líði sem allra best og heimilið verði eftirsóttur staður til að vera á.

Íris Dögg Guðjónsdóttir


*Forstöðumaður hjúkrunar Skjól hjúkrunarheimili*

# Lækningasvið í Skjóli og helstu staðtölur 2023

- Inngangur* Ekki er um stórar breytingar á starfi í Skjóli árið 2023 og starfsemin með hefðbundnu sniði.  
Undir lækningasvið heyrja lækningar, iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun.
- Starfslið* Ekki hafa orðið mannabreytingar í starfsliði fastra lækna en 3 lækna sinna heimilinu fast. 2 sérfræðingar í öldrunarlækningum og einn sérfræðingur í heimilislækningum. Allir hafa sinnt heimilinu um árabíl.  
Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsliði í iðju og sjúkraþjálfun en sú góða þjónusta er vel mönnuð núna eftir nokkrar mannabreytingar síðustu misseri.  
Í árslok 2023 eru tveir sjúkraþjálfarar starfandi á Skjóli í 1,77 stöðugildum og aðstoðarmanneskja í 1 stöðugildi. Einn sjúkraþjálfari hætti störfum í byrjun árs, en annar kom í hans stað á haustmánuðum. Tímabundið var ráðinn íþróttfræðingur.  
  
Í iðjuþjálfun urðu talsverðar breytingar í mannahaldi. Nýr yfiriðjuþjálfari Skjólís Eir og Hamra tók til starfa 1. apríl þegar Guðrún Ása Eysteinsdóttir tók við stöðu yfiriðjuþjálfara eftir að Ása Lind Þorgeirsdóttir lét af störfum. Iðjuþjálfari sem verið hafði stutt í Skjóli hætti störum á árinu og voru ráðnir inn aðstoðarmenn iðjuþjálfara þess í stað. Á sama tíma var ákveðið að breyta starfi reynds starfsmanns í iðjuþjálfun í Skjóli yfir í verkefnastjórstöðu iðjuþjálfunar á Skjóli.  
Músíkmeðferðarfræðingur var ráðin á árinu og sinnir hún öllum 3 heimilunum og er tvisvar í viku á Skjóli.
- Starfsemi* Starfið á árinu hefur hefur verið hefðbundið og hremmingar undanfarinna ára heimsfaraldurs, ekki truflað starfsemi eins og undanfarin ár.  
Starfsemin sjúkraþjálfunar hefur heilt yfir gengið mjög vel og haldist nokkuð stöðug yfir árið með sveigjanleika og metnaði starfsfólks við að aðlaga starfið að aðstæðum hverju sinni. Það hefur verið góð samvinna við allar deildir hússins með jákvæðni og liðleika starfsfólks í fararbroddi, sem skilar sér í því að flestir íbúar hjúkrunarheimilanna nýta sér þjónustu sjúkraþjálfunar nokkrum sinnum í viku.  
  
Starfsemi iðjuþjálfunar á Skjóli er fjölbreytt og snýr að því að veita íbúum tækifæri til þátttöku í iðju sem hefur einstaklingsbundna þýðingu til lífsgæða og viðhalds færni.  
Boðið er upp á fjölbreytt hópstarf sem góð þátttaka er í.  
Iðjuþjálfari ásamt sjúkraþjálfurum vinna saman við mat á þörf fyrir hjálpartæki hjá íbúum og viðhald þeirra. Sjúkra- og iðjuþjálfun vinna þétt saman í að veita íbúum sérhæfða þjónustu og halda uppi starfi til að viðhalda færni og lífsgæðum.  
  
Músíkmeðferðarfræðingur er starfandi á Skjóli tvo daga vikunnar og býður bæði upp á hóp- og einstaklingsmeðferðir. Þetta er nýjung sem mælst hefur mjög vel fyrir.

### Legudagar í Skjóli 2023

Mánuðir	Legupláss		Fjöldi rýma	Nýting	Nýting %
Janúar	106	31	3.286	3.309	100,7%
Febrúar	106	28	2.968	2.981	100,4%
Mars	106	31	3.286	3.284	99,9%
Apríl	106	30	3.180	3.201	100,7%
Mái	106	31	3.286	3.296	100,3%
Júní	106	30	3.180	3.185	100,2%
Júlí	106	31	3.286	3.290	100,1%
Ágúst	106	31	3.286	3.281	99,8%
September	106	30	3.180	3.190	100,3%
Október	106	31	3.286	3.293	100,2%
Nóvember	106	30	3.180	3.186	100,2%
Desember	106	31	3.286	3.285	100,0%
<b>Samtals</b>			<b>38.690</b>	<b>38.781</b>	<b>100,2%</b>



Meðfylgjandi súlurit sýnir aldurskiptingu heimilisfólks um áramót. Konur eru 66% og karlar 34% svipuð skipting og verið hefur. (67,0 %) 2022) heimilismanna og karlar 33,0% (33,0% 2022).

Meðalaldur heimilismanna var 85 ár og sá sami meðal karla og kvenna.



## Fjöldi látina og meðalaldur

Á árinu létust 43 heimilismenn eða 41% heimilismanna. Heldur fleiri en árið áður en þá var dánartíðni tiltölulega lág.

	2022		2023	
	Fjöldi	Meðalaldur	Fjöldi	Meðalaldur
Konur	19	83,8	26	89,7
Karlar	8	84,4	17	86,2
Allir	27	84,17	43	88,7

### *Lyfjamál*

Á árinu var stigið stórt skref í að nútímavæða Lyfjaávisanakerfi heimilisins þegar tekið var upp svokallað E Med kerfi rafrænna lyfjaávisana. Í samstarfi við Lyfjalausnir var farið í að innleiða þetta kerfi á öllum 3 heimilum samsteypunnar og gekk sú innleiðing vel. Allar deildir Skjóls nýta sér nú þetta rafræna kerfi sem von er að auki mjög öryggi við lyfjaávisanir, lyfjagjafir, lyfjaupplýsingar og samskipti milli heimilisins og skömmtunaraðilans Lyfjalausna.

### *Lokorð*

Eftir hremmingar heimsfaraldurs síðustu ára er rólegra ár að baki 2023. Alltaf er þó verið að vinna í að auka gæði og fást við krefjandi verkefni sem upp koma. Viðamiklar framkvæmdir hafa verið á árinu bæði til viðhalds en einnig breytingar á húsnæði sem hafa það að markmiði að fækka tvíbýlum á heimilinu og auka lífsgæði íbúa. Nýjum tímum fylgja nýjar áskoranir. Mannauður í Skjóli mun halda áfram að fást við verkefni á lausnarmiðaðan og skapandi hátt.

Guðrúnu Ásu Eysteinsdóttur yfiriðjubjálfa og Björgu Hákonardóttur yfirsjúkraþjálfara er þökkuð aðstoð við gerð ársskýrslu og sömuleiðis Jóhönnu Hjördísi Guðmundsdóttur Heilbrigðisgagnfræðingi fyrir utanumhald gagna, uppsetningu og öll góð störf.

Ólafur H Samúelsson

*Framkvæmdastjóri lækninga*